

Rauðsokkahreyfingin

Í ljósi nýrra laga um þungunarrof, sem samþykkt voru á Alþingi í maí 2019, er óhjákvæmilegt að líta um öxl og minnst verka þeirra kvenna sem gengu í berhögg við samfélagið þegar það var mun minna móttækilegt fyrir hugmyndum um sjálfsákvörðunarrétt kvenna yfir eigin líkama. Með þessari viðurkenningu er barátta þeirra heiðruð og þeim þakkað fyrir brautryðjendastarf sitt, sem birtist m.a. í svokölluðu fóstureyðingahefti tímaritsins *Forvitin rauð* árið 1972. Þar vörpuðu þær ljósi á ómannúðlegar aðstæður sem konur bjuggu við fram að því, vildu þær láta rjúfa þungun. Frumvarp Rauðsokkanna um frjálssar fóstureyðingar náði ekki fram að ganga en útvatnað frumvarp varð að lögum árið 1975. Þau lög voru engu að síður mikið framfaraskref og óhætt að fullyrða að ef Rauðsokkurnar hefðu ekki sett kyn- og frjósemisréttindi á dagskrá værum við komin skemur á veg. Barátta þeirra var mikið átakamál og þeim var stillt upp í fjölmiðlum sem lauslátum, siðspilltum og vondum mæðrum. Baráttan tók á og fólk jafnvel hvæsti á þær af hatri. Það þarf ekki bara kjark og staðfestu til að berjast fyrir kvenfrelsi við þessar aðstæður, það þarf líka brennandi ástríðu til að breyta heiminum til betri vegar.

Barátta Rauðsokkanna gerði heiminn betri og ruddi brautina fyrir komandi kynslóðir. Rauðsokkurnar eru okkur innblástur til að halda áfram baráttunni fyrir kvenfrelsi og jafnrétti.



Mynd: Efri röð: Silja Bára Ómarsdóttir, formaður Jafnréttisráðs, Þuríður Pétursdóttir, Hildur Hákonardóttir, Guðrún Hallgrímsdóttir, Rannveig Jónsdóttir, Elísabet Gunnarsdóttir, Edda Óskarsdóttir og Katrín Jakobsdóttir. Neðri röð: Lilja Ólafsdóttir, Vilborg Sigurðardóttir, Helga Ólafsdóttir, Björg Einarsdóttir og Gerður Óskarsdóttir.